



108. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í Stofu íslenskra fræða mánudaginn 17. mars kl. 13:00

Fundinn sátu:

Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Sigurður Pétursson (fulltrúi kennara), Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Gunnar Þorgeirsson, Bragi Bjarnason, Eyþór Sigurðsson (fulltrúi foreldra), Ingunn Lilja Arnórsdóttir (fulltrúi nemenda) Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð. Sérstakur fundargestur: Ragnheiður Bjarnadóttir, fjármálastjóri ML. Jóhannes Sveinbjörnsson, Eydís Indriðadóttir og Fanney Ólöf Lársusdóttir voru á Teams.

Dagskrá:

1. Kór og leiklist í ML
2. Leiga á heimavistum
3. Mötuneytisgjald
4. Önnur mál

Gunnar setur fundinn og gefur Jónu Kötu orðið.

1. Kór og leiklist í ML

Jóna Katrín fjallar um kórstarfið sem hefur legið niðri síðan um áramótin vegna veikinda kórstjóra. Ekki náðist að ráða inn afleysingarkórstjóra. Nemendur fengu einingar fyrir allt árið, undirbúningurinn fyrir sínfóniútónleika var gríðarlega mikill og álagið í samræmi við það.

Djöflaeyjan er leikritið sem nemendafélagið setur upp. Haldið í Aratungu, frumsýning er 20. mars. Tvær sýningar á föstudaginn og ein á laugardaginn og skólanefndarfólk hvatt til að mæta.

2. Leiga á heimavistum

Jóna Katrín gefur Ragnheiði gjaldkera/fjármálastjóra orðið. Hún fer yfir power point skjal með; Tekur vs. gjöld á heimavist.

Tillaga að hækkun er 14%, sem myndi taka gildi að haustönn 2025, var samþykkt. Skólanefndin mun fara yfir þessa hækkun á haustdögum og sjá hvort að þessi hækkun dugar til. Gjaldskráin myndi þá vera frá ágúst til áramóta 2025. Endurskoðað svo aftur um áramót.



Eypór Ingi leggur til að það yrði bætt við einn lið í viðbót í töflu, kostnaður per. nemenda miða vísitölu.

3. Mötuneytisgjald

Ragnheiður heldur áfram og fer yfir kostnað vegna vorannar 2025. Tillaga að hækkun vegna haustannar 2025 er 2% -3% frá skólameistara og fjármálastjóra. Samþykkt er 3% hækkun. Endurskoðað aftur í haust til að sjá hvort það þyrfti að hækka aftur um áramót.

4. Önnur mál

a) Afleysingamál kennara og starfsmanna:

Fjallað var um almenn leyfi starfsfólks og rekstrarmál Menntaskólans.

b) Skólanefndin biðlar til sveitastjórnar Bláskógabyggðar að ganga frá bílaplani fyrir utan ML vegna framkvæmda sem hafa staðið yfir vegna leitar að heitu vatni á túninu gegn ML.

c) Þessi fundur er síðasti skólanefndafundur Gunnars. Hann þakkar fyrir gott samstarf og slítur fundi.

Gunnar biður um að fundargerð verði send í tölvupósti til nefndarmanna sem hafa tvo sólarhringa til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:07

Fundargerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir